

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2020
Tilvísun: 2020020896/VIS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 5. febrúar 2020 um umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands (þskj. 864, 523. mál á 150. löggjafarþingi).

1.

Ákvæði um opinbera birtingu upplýsinga

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um skráningu hagsmuna og hagsmunaárekstra æðstu handhafa framkvæmdarvalds sem starfa innan Stjórnarráðs Íslands og er í 7. gr. frumvarpsins fjallað um varðveislu og birtingu upplýsinga. Gert er ráð fyrir því að ráðherra haldi skrá yfir tilkynningar samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum frumvarpsins, og að skrárnar skuli birtar almenningi á vef Stjórnarráðs Íslands, þó með ákveðnum undantekningum. Af greininni og athugasemdum með henni verður hins vegar ekki ráðið hvernig farið skuli með upplýsingar þeirra einstaklinga sem látið hafa af þeim störfum, sem frumvarpið nær til, og falla því ekki lengur undir gildissvið þess.

2.

Tillaga Persónuverndar

Með hliðsjón af þeirri íhlutun í einkalíf hlutaðeigandi einstaklinga sem felst í birtingu umræddra upplýsinga er það mat Persónuverndar að taka þurfi til skoðunar hvenær fjarlægja ætti upplýsingarnar af vef Stjórnarráðs Íslands í tilviki einstaklinga sem ekki falla lengur undir gildissvið frumvarpsins. Heppilegt væri að miða við tiltekið tímamark eftir að einstaklingur hefur látið af starfi sem fellur undir gildissvið frumvarpsins, en Persónuvernd tekur þó ekki afstöðu til þess hvert það tímamark ætti að vera.


Persónuvernd leggur því til að við 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði bætt málslíð sem tekur af öll tvímæli um hvenær upplýsingar, sem gert er ráð fyrir að verði birtar á vef Stjórnarráðs Íslands, skuli teknar úr opinberri birtingu.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Vigdís Sigurðardóttir